

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is

Reykjavík, 26. október 2020.

Efni: Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (skipt búseta barns). 151. Löggjafarþing 2020-2021. Þingskjal 11 - 11. mál.

Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (skipt búseta barns). Frumvarpið var einnig lagt fram á 150. Löggjafarþingi 2019-2020. Þingskjal 1215 - 707. mál og skilaði félagið samhljóma umsögn við frumvarpið með bréfi dags. 26. maí 2020.

Félagsráðgjafafélag Íslands ítrekar mikilvægi þeirra réttinda barna að fá að njóta samskipta og tengsla við báða foreldra sína. Í 7. gr. Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna er kveðið á um rétt barnsins til að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra og er mikilvægt að þess sé gætt að barn sé í sem mestum samvistum við báða foreldra að því gefnu að það sé barninu fyrir bestu. Sem kunnugt er var Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna lögfestur hér á landi 2013.

Sameiginleg forsjá hefur verið meginsteifið í íslenskum rétti og er algengt að börn hafi jafna búsetu hjá báðum foreldrum. Helstu ákvarðanir, svo sem er varðar búsetu, skóla og tómstundir og þær opinberu greiðslur sem geta fylgt barni hafa hingað til miðast við það foreldri sem barnið á lögheimili hjá og þannig hefur myndast aðstöðumunur á milli foreldra og heimila. Þessi aðstöðumunur kemur einna skýrast fram í málefnum fatlaðra barna þar sem aðstöðumunur getur hamlað umgengni þeirra við annað foreldrið vegna þess að nauðsynleg hjálpartæki hafa einungis verið til staðar á lögheimili barns. Verði frumvarp þetta að lögum er mikilvægt að gerðar verði viðeigandi lagabreytingar sem taka á þessu.

Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að gerð sé krafa um nálægð heimila til að tryggja samfellu í daglegu lífi barns og að barn sæki einn skóla eða leikskóla. Þá skulu foreldrar fara sameiginlega með forsjá barns til að sýslumaður geti staðfest samning um skipta búsetu barns, geta átt virkt samstarf, taka í sameiningu ákvarðanir er varða barnið og komast að samkomulagi um lögheimili barns og búsetuheimili þess. Jafnframt kemur fram að samningur um skipta búsetu barns falli úr gildi ef annað foreldra höfðar mál um forsjá eða lögheimili barns. Rætt er um mikilvægi þess að foreldrar átti sig á því hvenær heimild til að semja um skipta búsetu barns á við. Þá er í frumvarpinu það nýmæli að barn geti haft frumkvæði að því að sýslumaður boði foreldra til samtals til að ræða fyrirkomulag forsjár, lögheimilis, búsetu og umgengni.

Félagsráðgjafafélag Íslands fagnar áformum um að jafna aðstöðumun forsjarforeldra og stuðla að rétti barnsins til að njóta samskipta og tengsla við báða foreldra sína. Umræða um skipta búsetu er ekki ný af nálinni og á 149. löggjafarþingi kom fram frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að heimila skráningu lögheimilis barna hjá báðum forsjarforeldrum (25. mál). Félagsráðgjafafélag Íslands skilaði umsögn við það frumvarp og benti á ýmiss atriði sem þyrfti að hafa í huga varðandi tvöfallt lögheimili barns, svo sem þjónustu sveitarfélaga <https://www.althingi.is/alttext/erindi/149/149-623.pdf>. Í því frumvarpi sem nú liggur fyrir gerir samkomulag um skipta búsetu ráð fyrir að foreldrar séu í góðu jafnvægi og hafi getu til að setja sín ágreiningsefni til hliðar og átt samstarf í þágu barnsins. Hins vegar eru ágreiningsefnin mörg og um það vitna þau mál sem koma til meðferðar sýslumanns á ári hverju. Hvort að skipt búseta barns tryggi rétt þess til samvista við báða foreldra, er óljóst og byggist á því hvernig til tekst með þær breytingar sem þurfa að eiga sér stað varðandi önnur lög. Þá er löggjöf eitt og framkvæmd annað og því mikilvægt að tryggja foreldrum og börnum aðgang að ráðgjöf og stuðningi í þessu ferli, ekki einungis þegar ágreiningur kemur upp. Einnig þarf að skoða leiðir til að jafna í raun aðstöðu foreldra, svo sem vegna félagslegra aðstæðna og valdastöðu, en ávallt verður barnið og velferð þess að vera í fyrirrúmi.

Félagsráðgjafafélag Íslands er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann,
formaður